



Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 24.2.2025

Málsnúmer: 202502-0004

IAS

Efni: Lagning jarðstrengs um Berufjarðarleirur. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun, dagsett 30. janúar 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um lagningu jarðstrengs um Berufjarðarleirur, matskyldufyrirspurn.

Fyrirhugað er að leggja jarðstreng um jaðar Berufjarðarleira, neðan þjóðvegur við jörðina Berufjörð. Framkvæmdin við þverun Berufjarðarleira tekur einn dag og notaður verður til verksins strengplógur á beltum sem flýtur vel á leirunum og plægir strenginn niður á 1,2 -1.5m dýpi. Lengd strengsins sem er innan verndarsvæðis er um 730 metrar.

Ástæða fyrir því að ákveðið var að fara um leirurnar liggja í því að ef strengurinn þarf að fara innar í Berufjörð þá fer hann um árfarveg Berufjarðarár sem er dragá og því miklar árstíðarbundnar sveiflur í ánni. Farvegur Berufjarðarár er því á mikilli hreyfingu og mikill framburður í ánni sem eykur líkur á að strengurinn verði fyrir skemmdum. Þar að auki er malarnáma staðsett fyrir ofan leirurnar þar sem unnið er úr farvegi Berufjarðarár. Eins er líklegt að malarnám verði talsvert í Berufjarðará þegar ráðist verður í uppbyggingu á Axarvegi. Reynslan hefur sýnt að ummerki um lagningu fjarskipta- og rafmagnsstrengja í leirum eru lítil sem engin. Það er mat RARIK að verkefnið muni hafa óveruleg neikvæð áhrif á landslag, jarðmyndanir og gróðurfar til lengri tíma litið og ekki teljandi áhrif á fugla og vistkerfi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerðina og telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar. Framkvæmdin mun hafa tímabundin neikvæð áhrif á framkvæmdatíma en Náttúrufræðistofnun telur að ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur